

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	17.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Berndsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinni reglubundnu vettvangsferð eftirlits ársins í svínabú Stjórnugrís að Melum. Tvö frávik eru enn útistandandi, annað er varðar yfirbyggingu haugþróar og hitt varðandi malbikun lóðar.

Engin ný frávik kom fram í eftirlitinu en þremur ábendingum var komið á framfæri varðandi lekavarnir og frágang í kringum olúgeyma, viðhald hauggeymis og samning um dreifingu þurrhluta svínaskíts á löndum utan umráða rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Síðasta eftirlit og staða úrbóta vegna útistandandi fráviks
- Innra eftirlit skv. grein 4.2 í fylgiskjali með starfsleyfi
- Kvittanir fyrir móttöku spilliefna og annars hættulegs úrgangs, s.s. úrgangsolíu af verkstæði sbr. grein 3.3 í fylgiskjali með starfsleyfi
- Förgun dýrahæja sbr. grein 3.4.
- Önnur mál.

1. Síðasta eftirlitsheimsókn fór fram 9. júní sl. en þá komu fram tvö frávik frá starfsleyfi. Fyrri frávik varðaði kvittanir á móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs og skráningar á viðhaldi og eftirliti með mengunarvarnabúnaði. Rekstraraðili vinnur að greiningu m.t.t BAT niðurstaðna og þar með að uppfærslu á skráningum í samræmi við það. Úrbætur skráninganna verður svo áfram fylgt eftir í reglubundnu eftirliti. Hitt frávik varðaði sneri að því að grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 var skilað inn of seint m.v. skiladag reglugerðar (1. maí). Gögnunum hefur verið skilað og telst því frávik þvi lokið. Frávik varðandi yfirbyggingu skítaþróar er enn opið. Rekstraraðili hefur fengið Eflu verkfræðistofu til að meta möguleika á hvort náttúruleg skorpa geti samræmst kröfum BAT um lokun þróarinnar en einnig hafa verið ræddar aðrar lausnir við að byggja yfir þrónna en tímasett úrbótaáætlun liggur ekki fyrir. Úrbótaáætlun varðandi malbikun á lóð hefur sömuleiðis ekki staðist.

2. Ágætlega er haldið utan um skráningar í samræmi við útgefið starfsleyfi. Fjöldi dýra á búinu voru 6474 svín > 30 kg og 5.559 grísir <30 kg þegar eftirlitið fór fram. Farið var yfir skráningar á sjálfdaudum dýrum en starfsmenn búsins meta og skrá ástæður þess að dýrin drepast. Lítið hefur komið upp af sjúkdómum á búinu undanfarin ár en hlutfall sjálfdaudra dýra eru í kringum 2-3%.

3. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa engin spilliefni eða önnur hættuleg efni fallið til á búinu frá því að síðasta úttekt fór fram.

4. Rætt var um flutning og förgun dýrahæja sbr. reglugerð 674/2017 um heilbrigðisreglur er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis. Einnig vær rætt um flutningslát hræja og kröfur um merkingu þeirra. Dýrahæin hafa verið flutt til urðunar í Sorpu bs.

5. Skoðaðar voru aðstæður við haugtank og þró, við útrás ofanvatnslagna í fjöru, við hrægám og umgengni á lóðinni. Eins og fyrr segir er önnur haugþróin enn óyfirbyggð. Sjáanleg náttúruleg skorpa var að hluta til á yfirborði skítsins en staðsetning innrennislagnar og hræring í mykjunni er með þeim hætti að ekki er mögulegt að skorpa nái að myndast að fullu á yfirborðinu. Annar hauggeymir er lokaður en þarfnast viðhalds. Hann er talsvert ryðgaður og pollar liggja að honum sem getur valdið tæringu á geyminum. Þá hefur ekki verið ráðin bót á frávikum er varðar malbikun lóðar. Í skoðunarferðinni var staðfest að vel er haldið utan um skráningar á dreifingu skíts á landareignum rekstraraðila.

ÁBENDINGAR

Tveir olúgeymar hafa nýlega verið teknir í gagnið, olúafgreiðslugeymir og olúgeymir tengdur varaafsstöð.

Huga þarf að frágangi í kringum olúafgreiðslugeyminn í samræmi við 25. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Þar er tiltekið að gæta skuli þess að jarðvegur undir olúgeyminum sé eins þéttur og

völ er á og að ekki halli þannig frá geymisstöði að olíuleki breiðist auðveldlega út.

Eins þarf að huga að lekavörnum í samræmi við reglugerðina á olúgeymi fyrir litaða flotaolíu sem staðsettur er á milli eldishúsanna, t.d. að skipta út geymi fyrir tvöfaldan geymi eða koma upp fullnægjandi lekavörnum.

Huga þarf að viðhaldi skítageymis neðan við opnu skítaprónna. Hann er talsvert ryðgaður og pollar liggja að honum sem getur valdið tæringu.

Samkvæmt uppl. frá rekstraraðila kemur fram að munnlegur samningur sé á milli rekstraraðila og landeigenda um dreifingu þurrhluta svínaskíts að Belgsholti og Geldingaá. Slíkur samningur skal vera skriflegur samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins. Rekstraraðili hefur bent á að þeir séu ekki með landið til leigu heldur sé skítum dreift af landeigendum í þeirra þágu. Rekstraraðila ber að hafa upplýsingar um hvar skítum er dreift og á hvaða tímum ásamt staðfestingu frá landeiganda á móttöku skítsins til dreifingar hverju sinni.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent inn greinargerð varðandi hvernig rekstraraðili uppfyllir kröfur um BAT niðurstöður og hvaða valkosti hann hyggst nota í þeim efnum. Greinargerðin er til skoðunar hjá stofnuninni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.03.2021


Halla Einarsdóttir